

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl í máli nr. E-5262/2013:**

**Terma ehf.**

*(Hróbjartur Jónatansson hrl.)*

**gegn**

**Íslandsbanka hf.**

*(Andri Árnason hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars 2015, er höfðað með stefnu útgefni 16. desember 2013 af Terma ehf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Íslandsbanka, Kirkjusandi 2, Reykjavík.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að láncsamningur milli Terma ehf. og Byrs sparisjóðs, dags. 14. desember 2007, verði ógiltur.

Til vara, að láncsamningi milli Terma ehf. og Byrs sparisjóðs, dags. 14. desember 2007, verði rift.

Til þrautavara, að láncsamningi milli Terma ehf. og Byrs sparisjóðs, dags. 14. desember 2007, verði vikið til hliðar og breytt þannig að veðtrygging fyrir endurgreiðslu láncsins í fasteignunum Smiðjuvegi 11, Kópavogi, fastanr. 221-7795 og Smiðjuvegi 11a, Kópavogi, fastanr. 206-5309, verði felld úr gildi.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði í öllum tilvikum dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Mál þetta var upphaflega höfðað af Terma ehf., Guðmundi Sigurðssyni og Sólrúnu Sævarsdóttur. Í upphaflegri kröfugerð krafðist stefndi aðallega frávísunar

málsins frá dómi, en til var sýknu af dómkröfum stefnenda auk málskostnaðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 8. júlí 2014 var kröfum stefnenda, Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur, vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 518/2014 frá 25. ágúst 2014 var sú niðurstaða héraðsdóms staðfest.

## II.

### Málsatvik

Mál þetta varðar lánsamning milli stefnandans Termu ehf. sem lántaka og Byrs sparisjóðs sem lánveitanda, en lánið var veitt til að fjármagna stofnfjárkaup Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur, eigenda og stjórnenda einkahlutafélags þeirra Terma ehf., stefnanda í máli þessu. Stefnandi átti aldrei stofnfjárbréf í Byr sparisjóði, en Guðmundur og Sólrún áttu persónulega stofnfjárbréf í Byr sparisjóði árið 2007. Þá hafði Sólrún verið stofnfjárhluthafi allt frá árinu 1998 er faðir hennar, sem var einn af upphaflegum stofnendum Sparisjóðs Vélstjóra og varð stofnfjárhluthafi árið 2004, gefið henni annað stofnfjárbréf sitt. Ágreiningslaust er með aðilum málsins að kröfuréttindi samkvæmt lánsamningnum eru nú á hendi stefnda.

Með bréfi stjórnar Byrs sparisjóðs, dags. 19. nóvember 2007, til stofnfjáreigenda, var tilkynnt fyrirhuguð stofnfjárukning hjá sparisjóðnum. Í bréfinu kom fram hver stofnfjáreign og réttur Guðmundar og Sólrúnar til skráningar fyrir nýju stofnfé væri.

Með bréfi Byrs sparisjóðs til stofnfjáreigenda, 28. nóvember 2007, var tilkynnt að ákveðið hefði verið að auka stofnfé í Byr sparisjóði um 23.726.114.700 krónur með útboði þar sem stofnfjáreigendur gætu skráð sig fyrir nýju stofnfé. Í bréfinu kom fram að nafnverð hins nýja stofnfjár yrði 12.200.000.000 króna og að verð hvers stofnfjárhluta yrði 1,04476350 krónur. Athygli var vakin á því að útboðslýsingin væri aðgengileg á vef sparisjóðsins og voru stofnfjáreigendur hvattir til að kynna sér efni hennar. Eindagi áskriftar var 21. desember 2007. Í bréfinu kom fram að stofnfjáreigendur ættu rétt á að skrá sig fyrir nýju stofnfé að tilteknu nafnvirði og jafnframt var tiltekið hver stofnfjáreign hvers stofnfjáreiganda var. Þar var enn fremur vakin athygli á því að ef stofnfjáreigandi nýtti ekki rétt sinn til kaupa á nýju stofnfé í útboðinu myndi „eignarhlutur hans í sparisjóðnum þynnast um 86,20%“ að því gefnu að allt stofnfé sem boðið væri til sölu í útboðinu seldist, en óumdeilt er að svo fór í raun.

Í tilvísaðri útboðslýsingu, dags. 1. nóvember 2007, kom fram að hún væri gefin út vegna útgáfu á samtals 12.200.000.000 nýrra stofnfjárhluta í Byr sparisjóði sem yrðu seldir stofnfjáreigendum í sparisjóðnum í útboði og Fjármálaeftirlitið hefði staðfest lýsinguna. Þar kom jafnframt fram að útboðslýsingin væri unnin af Byr sparisjóði, sbr. 30. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, í samvinnu við stjórn, framkvæmdastjórn og KPMG hf. Í útboðslýsingunni var fjallað á ítarlegan hátt um sparisjóðinn og rekstrarstöðu hans. Í samantektarkafli lýsingarinnar kom fram að rekstur sparisjóðanna hefði gengið vel á árinu 2006. Hagnaður Byrs

sparisjóðs hefði eftir tekjuskatt numið 2.676 milljónum króna á árinu 2006, en 511 milljónum króna hjá Sparisjóði Kópavogs, sem samþykkt hafði verið að sameinaðist Byr sparisjóði. Hagnaður sameinaðs sparisjóðs fyrstu sex mánuði ársins 2007 hefði verið 5.153 milljónir króna og væri hann umfram áætlanir. Horfur fyrir seinnihluta ársins 2007 væru einnig mjög góðar. Arðsemi eigin fjár á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 hefði verið mjög góð eða 66,9%. Í samantektinni var síðan gefið yfirlit yfir rekstur og efnahag sparisjóðsins frá 2003 til 30. júní 2007 auk þess sem fjallað var með ítarlegri hætti um þessi atriði í kafla sem bar yfirskriftina „Útgefandalýsing“.

Í útboðslýsingunni var einnig fjallað almennt um stofnfé í sparisjóðnum og skilmála útboðsins. Þar var enn fremur vikið að einstökum áhættuþáttum er snertu Byr sparisjóð, svo sem áhættu tengdri stofnfjáreign, seljanleikaáhættu, almennri rekstraráhættu, fjárfestingaráhættu, útlánaáhættu, markaðsáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu o.fl. Þess var þó jafnframt getið að þessi upptalning væri ekki tæmandi og voru fjárfestar hvattir til að leita sér ráðgjafar ef eitthvað væri óljóst.

Guðmundur og Sólrún skráðu sig fyrir stofnfjárlutum í Byr sparisjóði að undangengnum munnlegum samskiptum við starfsmenn Byrs sparisjóðs. Fyrir hlutina skyldu þau hvort um sig greiða 23.682.354 króna fyrir eindaga 21. desember 2007. Vísast hér einnig til greiðsluseðla á dskj. nr. 20 á eindaga 21. janúar 2008 að fjárhæð 481.800 krónur vegna umframáskriftar Guðmundar og Sólrúnar. Guðmundur og Sólrún höfðu áður skráð sig fyrir stofnfjárukningu að fjárhæð 3.393.053 krónur og 17.192 krónur hvor, sbr. greiðsluseðla á eindaga 24. september 2007 og 1. október 2007.

Varðandi fjármögnun kaupa Guðmundar og Sólrúnar á stofnfjárbréfunum var gerður lánsamningur milli stefnanda sem lántaka og Byrs sparisjóðs sem lánveitanda, dags. 14. desember 2007, en Guðmundur og Sólrún undirrituðu lánsamninginn sem fyrirsvarsmenn lántaka. Í samningnum kom fram að um væri að ræða lán að jafnvirði allt að 60.000.000 króna í nánar tilgreindum gjaldmiðlum og hlutföllum, en ágreiningslaust er að lánið hafi verið í íslenskum krónum haldið ólögumatri gengisbindingu. Í grein 1.4 í samningnum var kveðið á um að ráðstafa skyldi láninu beint inn á tilgreindan reikning lánveitanda, en tilgangur lánveitingarinnar var „að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í BYR“ og skyldi láninu ráðstafað til þess verkefnis.

Í 7. grein lánsamningsins sagði að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins hefði lántaki afhent lánveitanda tryggingarbréf nr. 1175-63-335175, útgefið 14. desember 2007, að upphaflegum höfuðstól 65.500.000 japanskra jena og 661.000 svissneskra franka, tryggt með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteignunum Smiðjuvegi 11 og 11a, Kópavogi. Tryggingarbréfið var undirritað af Guðmundi og Sólrúnu fyrir hönd stefnanda.

Þann 14. desember 2007 undirrituðu þau Guðmundur og Sólrún fyrir hönd lántakanda, stefnanda í máli þessu, beiðni um útborgun framangreinds láns og var þess þar óskað að lánið yrði greitt út 20. desember 2007. Í kjölfarið var lánsfjárhæðinni ráðstafað í samræmi við grein 1.4 í lánsamningnum. Þá var gerð skilmálabreyting við lánsamninginn 25. nóvember 2008 þar sem endurgreiðslu- og vaxtaskilmálum lánsins var breytt, sem Guðmundur undirritaði fyrir hönd stefnanda.

Stofnfjáreigendum Byrs sparisjóðs var greiddur 44% arður vegna ársins 2007 sem skyldi lagður inn á bankareikning stofnfjáreigenda, sbr. bréf til stofnfjáreigenda „[í] þeim tilvikum sem stofnfjárhlutir hafa verið veðsettir var arði ráðstafað til veðhafa, þ.e. til greiðslu vaxta og niðurgreiðslu höfuðstóls í samræmi við lánaskilmála“. Guðmundur og Sólrún fengu greiddar 12.381.934 krónur hvor í arð vegna stofnfjárbréfa sinna og var sú fjárhæð, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, lögð inn á bankareikning þeirra. Voru þessir fjármunir þeim því til persónulegrar ráðstöfunar.

Hinn 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Byrs sparisjóðs til Byrs hf. á grundvelli ákvæðis VI til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009. Var öllum eignum og skuldbindingum sparisjóðsins, nema þær væru sérstaklega undanskildar, ráðstafað til Byrs hf. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2010 var Byr sparisjóður síðan tekinn til slitameðferðar. Með kaupsamningi, dags. 12. júlí 2011, keypti stefndi alla hluti í Byr hf. sem sameinaðist síðar stefnda. Ágreiningslaust er með aðilum að kröfuréttindi samkvæmt umræddum lánsamningi Byrs sparisjóðs við Terma ehf. hafi við þetta færst til stefnda.

Þann 24. nóvember 2011 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 117/2011, sbr. einnig dóma í málum nr. 118/2011 og 119/2011 sama dag. Í máli nr. 117/2011 krafði Íslandsbanki hf., þ.e. stefndi, einstaklinginn Ó um greiðslu skuldar vegna láns sem Glitnir banki hf. hafði veitt Ó vegna kaupa hennar á stofnfjárhlutum í Byr sparisjóði, en bankinn hafði fengið stofnfjárhlutina að handveði til tryggingar greiðslu lánsins, og lánið síðar verið framselt stefnda. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var í Hæstarétti með vísan til forsendna, kom fram að engum vafa hefði verið undirorpið að Ó hefði með lánsamningi skuldbundið sig til að greiða til baka lán vegna kaupa á stofnfjárbréfum. Í ljósi ótvíræðrar greiðsluskyldu Ó á láninu var hins vegar talið að sú ráðgjöf, sem talið var að veitt hefði verið, og sem fól í sér að lántakan væri áhættulaus fyrir lántaka þar sem einungis væri krafist trygginga í stofnfjárbréfunum, hefði verið villandi. Var því talið ósanngjarnt af hálfu Íslandsbanka hf., þ.e. stefnda, að bera lánsamninginn fyrir sig að því leyti sem hann fól í sér rétt til að leita fullnustu á greiðsluskyldu Ó í öðrum eignum en hinum veðsettu stofnfjárbréfum og arði af þeim. Af hálfu stefnanda er á því byggt að dómur þessi hafi þýðingu við úrlausn málsins en því er mótmælt af hálfu stefnda.

Þann 11. júní 2012 sendi lögmaður stefnanda bréf til stefnda, þar sem krafist var niðurfellingar á láni samkvæmt hinum umdeilda lánsamningi. Vísað var til framangreinds dóms í máli nr. 117/2011 og fullyrt að þar hefði verið staðfest „að Íslandsbanki hf. gæti ekki borið fyrir sig lánsamning til fjármögnunar kaupa á stofnfjárhlutum í Byr vegna þess hvernig Byr og Glitnir banki hf. höfðu staðið að sölu á stofnfjárbréfunum í Byr í desember 2007“. Stefndi svaraði síðastnefndu bréfi 4. júlí 2012 og tók fram að lán það sem um var deilt í máli nr. 117/2011 hefði ekki verið fellt niður heldur hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að stefndi gæti ekki leitað fullnustu í eignum lántaka umfram stofnfjárbréfin sem veðsett voru og arðgreiðslum af þeim. Í bréfi stefnda var tekið fram að sömu sjónarmið ættu ekki við um lánsamning stefnanda enda hefði félagið veðsett fasteignir sínar til tryggingar skuldbindingum sínum samkvæmt lánsamningnum en ekki

stofnfjárbréf. Var kröfum um niðurfellingu lánessamningsins hafnað.

Ekki kom til frekari samskipta stefnanda og stefnda og var mál þetta síðan höfðað með stefnu þingfestri þann 19. desember 2013.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Í fyrsta lagi byggir stefnandi á því að ógilda beri lánessamninginn eða víkja honum til hliðar að hluta þar sem skilyrði hans, að lánsféð færi ekki til lántakans, stefnanda, heldur alfarið til greiðslu á kaupum Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur á viðbótarstofnfé í Byr, sé ólöglegt. Byr sparisjóði hafi verið óheimilt að gera slíkt að skilyrði fyrir lánveitingu til félagsins. Viðskiptahættir Byrs hafi ekki verið í samræmi við góða viðskiptavenju eða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þá hafi lánsféð alls ekki runnið til lántakans og þar af leiðandi hafi samningurinn í raun aldrei komist á milli stefnanda og Byrs sparisjóðs. Hafi lánessamningurinn því bersýnilega verið til málamynda enda hafi stefnandi ekki fengið andvirði lánsins til frjálsrar ráðstöfunar heldur hafi það farið til Byrs sparisjóðs sjálfs, vegna sammings sparisjóðsins við þriðja aðila, Guðmund og Sólrúnu, um kaup á viðbótarstofnfjárbréfum í sparisjóðnum. Samningurinn hafi verið gerður í þágu Byrs og beinlínis til þess að sniðganga reglur sparisjóðsins um útlán til stofnfjárkaupa þar sem Byr hafi verið óheimilt að lána til stofnfjárukningar í sjálfum sér.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að í þeim tilvikum, sem stofnfjárhöfum hafi verið lánað til kaupa á viðbótarstofnfé í útboðinu 2007, hafi einungis verið lánað með veði í stofnfé og með því fororði að áhætta Byrs sparisjóðs skyldi aðeins vera bundin við verðmæti stofnfjárins sem slíks. Um þennan framkvæmdamáta vísar stefnandi til málsatvika í hæstaréttarmálinu nr. 117/2011. Byr hf., hafi eftir fall Byrs sparisjóðs og svo síðar stefndi sjálfur, eftir yfirtöku Byrs hf., fellt niður lán sem Byr sparisjóður veitti til stofnfjárkaupa í sparisjóðnum og án þess að ganga að lántakendum persónulega. Þetta staðfesti enn fremur að skilningur stefnda og fyrri kröfueigenda að stofnfjárlánum Byrs sparisjóðs sé sá að Byr sparisjóður hafi í reynd ekki mátt halda lánum til stofnfjárkaupa upp á lántakendur umfram það sem nam fullnustu í stofnbréfunum sjálfum sem sett voru að veði, líkt og gildi um lán Glitnis til stofnfjárkaupa í Byr sbr. hæstaréttarmálið nr. 117/2011. Þar sem andvirði lánsins til stefnanda gekk til Byrs sparisjóðs til greiðslu á stofnfjárbréfum Guðmundar og Sólrúnar, sem voru hinir raunverulegu lántakendur, sé ósannjarnt að stefndi beri fyrir sig lánessamninginn sem slíkan og nýti sér veðtryggingu í eignum stefnanda fyrir stofnfjárkaupláni sem í reynd hafi verið veitt Guðmundi og Sólrúnu, til að knýja fram endurgreiðslu með þeim afleiðingum að mismuna þannig Guðmundi og Sólrúnu gagnvart öðrum stofnfjárlánþegum Byrs sparisjóðs, sem hafi fengið niðurfellingu sinna lána.

Í þriðja lagi, byggir stefnandi á því að forsendur fyrir lánveitingunni hafi verið rangar og þær brostið. Lánessamningurinn hafi alfarið verið bundinn kaupum Guðmundar og Sólrúnar, á viðbótarstofnfé í Byr sparisjóði og þau tvö byggt ákvörðun sína um kaup á viðbótarstofnfé á ráðgjöf Glitnis og starfsmanna Byrs og á fjárhagsstöðu sparisjóðsins skv. útboðsgögnum sem var sögð traust og góð. Hins vegar hafi fjárhagsstaða sparisjóðsins verið mun verri en útboðsgögn kváðu á um.

Eignir sparisjóðsins hafi verið verulega ofmetnar, t.a.m. hafi ekki verið tekið tillit til tapsáhættu af lánum m.a. til tengdra aðila og sem mynduðu stóra áhættu. Þá hafi skuldir verið vanmetnar. Auk þess hafi heldur ekki verið gerð grein fyrir fyrirjáanlegum lausafjárferðleikum sparisjóðsins og látið hjá líða að upplýsa um að sparisjóðurinn hafði ekki tryggt sér lánsfé til að mæta eigin skuldbindingum í nánustu framtíð. Ef upplýsingar að þessu lútandi hefðu verið kynntar með réttu, hefði ekki orðið af kaupum Guðmundar og Sólrúnar og því aldrei orðið af lánveitingunni.

Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að starfsmenn Byrs sparisjóðs og Glitnis banka hf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti þegar þau, Guðmundur og Sólrún, voru hvött til að kaupa viðbótarstofnfé í Byr sparisjóði. Í ljósi þessa byggir stefnandi á því að stefndi geti ekki borið fyrir sig lánsamning Byrs sparisjóðs við stefnanda og beri því að sæta ógildingu samningsins eða ella riftun hans eða breytingu þar sem samningurinn hafi verið til málamynda, lántakinn hafi aldrei fengið andvirði lánsins í hendur til ráðstöfunar og forsendur fyrir láninu hafi brostið sem hafi í reynd verið lán til Guðmundar og Sólrúnar til kaupa á stofnfé í Byr sparisjóði. Verði ekki fallist á ógildingu eða riftun samningsins byggir stefnandi á því að samið hafi verið um að ef kæmi til greiðslufalls væri Byr sparisjóði aðeins heimilt að ganga að stofnfjárbréfum Guðmundar og Sólrúnar í Byr sparisjóði og arðgreiðslum af þeim, í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í sambærilegum málum. Beri því að víkja lánsamningum til hliðar og breyta honum þannig að veðtryggingin í Smiðjuvegi 11 og 11a, Kópavogi falli niður.

Stefnandi byggir á reglum samningaréttarins um ógildingu og brostnar forsendur, sbr. 33. gr., 36. gr., og 36. gr. a, b og c í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og á dómafordæmum. Þá byggir stefnandi á almennum reglum kröfuréttar um riftun sem vanefndaúrræði.

Stefnandi byggir einnig á því að útboðslýsing Byrs hafi verið röng og villandi, hún hafi ekki gefið rétta mynd af fjárhagsstöðu Byrs sparisjóðs. Upplýsingar sem fram hafi komið í henni hafi ekki verið í samræmi við raunverulega stöðu sparisjóðsins og með gerð hennar hafi stjórn Glitnis banka hf. og Byrs sýnt af sér skaðabótaskylda og saknæma háttsemi gagnvart stofnfjárhöfum.

Stefnandi byggir á því að mikill aðstöðumunur hafi verið á stefnanda og Byr. Guðmundur og Sólrún hafi verið stofnfjárhafar og hinir raunverulegu lántakendur og viðsemjendur Byrs sparisjóðs sem hafi að öllu leyti séð um samningagerðina og kynningu á fjárhagsstöðu Byrs. Allan vafa, óvissuþætti og óskýrleika verði að skýra stefnanda í hag í samræmi við meginreglur samningaréttar. Guðmundur og Sólrún, hafi ekki fengið nægilega greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem fólst í lántöku til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði.

Stefnandi byggir á því að öll þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 eigi að leiða til þess að kröfu hans eigi að taka til greina. Efni samningsins hafi verið ósanngjarn gagnvart stefnanda vegna hins ósanngjarna og ólögmeta skilyrðis um ráðstöfun lánsins. Mikill aðstöðumunur hafi verið á aðilum þar sem Byr var fjármálafyrirtæki með mikla þekkingu á sviði lánsviðskipta og verðbréfavíðskipta en fyrirsvarsmenn stefnanda, sem eru einstaklingar og stefnandi lítið fyrirtæki, hafi ekki haft mikla reynslu eða þekkingu á þessu sviði. Einnig hafi ýmis atvik við samningsgerð leitt til þess að samningurinn var ósanngjarn. Þar megi

nefna þann mikla þrýsting frá Byr um að Guðmundur og Sólrún ykju stofnfé sitt, Byr hafi brotið gegn verklagsreglum II. kafla laga nr. 108/2007. Auk þess sem útboðið hafi verið villandi og saknæmt, hafi verið brotið gegn öðrum lagafyrirmælum sem hafi gilt um útboðið. Enn fremur beri að líta til atvika við samningsgerð, þ.e. þess að athafnir Byrs í rekstri sínum, leiddu til þess að bréf Guðmundar og Sólrúnar urðu verðlaus.

Stefnandi byggir á því að þrátt fyrir framsal kröfunnar samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins geti stefnandi haldið fram öllum þeim sömu mótbárum gagnvart stefnda og hann hélt fram gagnvart upphaflegum kröfuhafa, Byr sparisjóði.

Stefnandi byggir á því að brotið hafi verið gegn lögum nr. 108/2007, einkum II. kafla, við gerð lánsamningsins, bæði af hálfu Glitnis banka hf., forvera stefnda, sem og Byrs sparisjóðs, en þeim hafi borið að haga ráðgjöf sinni til stofnfjáreigenda í samræmi við ákvæði framangreindra laga um vernd fyrir almenna fjárfesta. Lögin hafi tekið gildi 1. nóvember 2007 en með því hafi verið leidd í lög hér á landi MiFID-tilskipun Evrópusambandsins sem kveði ítarlega á um skyldur fjármálafyrirtækja gagnvart almennum fjárfestum eins og stefnendum. Þá hafi starfsmenn Byrs í ráðgjöf sinni ekki farið að fyrirmælum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem hafi átt við um kaupin, sbr. einkum 5. gr., 8. gr. og 14.-16. gr. Með fjárfestingaráðgjöf sé átt við persónulegar ráðleggingar til víðskiptavina í tengslum við fjármálagerninga, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007. Stefnandi telur óumdeilt að lánið hafi verið veitt til verðbréfakaupa. Þar af leiðandi hafi bankinn komið fram sem samningsaðili í verðbréfavíðskiptum. Ekki hafi farið fram sérstök könnun á fjárhag stefnanda eða fyrirsvarsmanna og getu þeirra til að ráðast í kaup á stofnfjárbréfum. Byr hafi ekki mátt ráðleggja Guðmundi og Sólrúnu að taka lán til kaupanna á stofnfjárbréfunum. Bréfin hafi ekki verið skráð í kauphöll og markaður með þau hafi verið takmarkaður. Veruleg seljanleikaáhætta hafi því fylgt stofnfjárbréfunum og skuldbætt kaup á slíkum bréfum því fráleit fyrir stefnendur. Með þessu hafi bankinn sýnt af sér saknæma og bótaskylda háttsemi gagnvart Guðmundi og Sólrúnu og vanefnt skyldur sínar gagnvart þeim. Skuldbætt sala á stofnfjárbréfum til þeirra hafi verið brot á lögum nr. 108/2007 og saknæm og ólögmaet háttsemi af hálfu bankans.

Stefnandi byggir á því að stofnfjárukning Byrs sparisjóðs hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, eða reglugerðar nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210.000.000 kr. eða meira. Þá hafi hún ekki verið í samræmi við skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, sem og dreifingu auglýsinga, ásamt viðauka.

Í útboðslýsingu og ráðgjöf starfsmanna Byrs sparisjóðs hafi skort verulega á fullnægjandi upplýsingar um þá áhættu sem hafi falist í því að virði bréfanna sem kaupa átti og rekstur sparisjóðsins gæti þróast til verri vegar og hvaða áhrif það hefði á skuldbindingu lántaka. Útboðslýsing og þær upplýsingar sem þar hafi komið fram um efnahag Byrs sparisjóðs hafi vægast sagt verið villandi og staða Byrs hafi verið mun verri en lýst hafi verið. Til að mynda hafi áhættan af því að lána stærstu lántakendum sparisjóðsins, s.s. FL Group, Baugs, hluthöfum Saxhóls

og skyldum aðilum, verið stórlega vanmetin eins og komið hafi í ljós á árinu 2008. Að sama skapi hafi eignasafn sparisjóðsins verið stórlega ofmetið. Forsendur fyrir stofnfjárkaupum Guðmundar og Sólrúnar hafi því reynst verulega rangar í veigamiklum atriðum og í reynd brugðist með öllu við hrun fjármálakerfisins hér á landi haustið 2008, enda séu stofnfjárbréf í Byr sparisjóði nú verðlaus.

Við ráðgjöf til Guðmundar og Sólrúnar hafi jafnframt verið gengið út frá þeim forsendum að markaðsvirði stofnfjárbréfa Byrs sparisjóðs hafi verið umtalsvert hærra en nafnvirði þeirra, að stofnféð væri gefið út á verulega lægra gengi en markaðsvirði og að það myndi rýrna mikið í verði við stofnfjárukninguna ef stofnfjáreigendur tækju ekki þátt í útboðinu. Á engan hátt hafi hins vegar, í þeirri ráðgjöf sem fram hafi farið á vegum Byrs og Glitnis, verið vikið að þeirri áhættu sem fylgdi viðskiptunum og hvers eðlis hún væri. Þá hafi í ráðgjöfinni verið gefið til kynna að lántakan væri í raun áhættulaus þar sem væntanlegar arðgreiðslur myndu líklega greiða lánið upp. Að öðrum kosti yrði leitað fullnustu í bréfunum að því marki sem þörf væri á. Þannig hafi ráðgjöf Byrs verið villandi og leitt til þess að fyrirsvarsmenn stefnanda tóku umrætt lán sem þau ella hefðu aldrei tekið. Ljóst sé að Byr hafi vanefnt og brotið gróflega lögboðnar skyldur sínar gagnvart stefnanda og fyrirsvarsmönnum hans í aðdraganda lántökunnar með hvatningu og þrýstingi á skuldbindingu félagsins og veðsetningu eigna þess sem tók í kjölfarið á sig gríðarlega fjárhagslega skuldbindingu í þeim tilgangi að auka hlut sinn í sparisjóðnum. Hin umfangsmikla skuldsetning í gegnum stefnanda, sem hafi numið 60 milljónum króna, hafi leitt til þess að mjög ríkar kröfur hafi orðið að gera til Byrs sparisjóðs um að skýra með raunhæfum og greinargóðum hætti frá þeirri áhættu sem hafi falist í svo skuldsettum stofnfjárbréfakaupum. Byr hafi borið að óska sérstaklega eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu fyrirsvarsmanna stefnanda á sviði þessarar tegundar verðbréfavíðskipta áður en ákveðið hafi verið að lána þeim með þessum hætti til kaupanna. Þau hafi haft takmarkaða þekkingu á verðbréfavíðskiptum og þar af leiðandi hafi aukist sú skylda Byrs sparisjóðs að upplýsa með fullnægjandi hætti um þá áhættu sem fólst í því að taka lán til að kaupa svo mikið magn stofnfjárbréfa. Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að hefði upplýsingagjöf Byrs verið fullnægjandi og í samræmi við raunverulega stöðu bankans hefðu fyrirsvarsmenn stefnanda ekki tekið lán til kaupa á stofnfjárbréfunum eða boðið fram til tryggingar fasteignir stefnanda.

Að lokum er byggt á því af hálfu stefnanda að athafnir Byrs að öðru leyti, sem og Glitnis banka hf., í rekstri sínum fram að þeim tíma er stofnfjárbréfin féllu í verði, leiði til þess að rétt sé að víkja samningnum til hliðar í heild eða að hluta.

Varðandi riftunarkröfu byggir stefnandi á því að öllum skilyrðum riftunar sé fullnægt í málinu. Riftunarkrafa byggir sérstaklega á framangreindum málsástæðum sem og því að Byr sparisjóður og Glitnir banki hf. hafi verulega vanefnt skyldur sínar gagnvart fyrirsvarsmönnum stefnanda við útboðsgerð, upplýsingagjöf, ráðleggingar og sammingsgerð um lánsamning þann sem krafist er riftunar á sem og almennt með ólögumætri og ámælisverðri framkomu í garð þeirra vegna útboðsins og gerð lánsamnings. Um sé að ræða bæði upprunalega og eftirfarandi vanefnd.

Útboðsgögn og ráðleggingar bankanna hafi verið forsenda og grundvöllur þess að umrætt lán var tekið og skyldur bankanna verið ríkar. Orsakasamband sé milli þessara vanefnda bankanna sem og þeirra atvika sem rakin séu í málsástæðum í

stefnu og þeirrar skerðingar á hagsmunum stefnanda sem séu grundvöllur riftunarkröfu. Þá sé lánsamningurinn sem gerður hafi verið ólögmætur, enda feli hann í sér ólögmæta gengistryggingu.

Þá byggir stefnandi á því að með háttsemi sinni og atvikum eftir að lánsamningurinn komst á, fram að þeim tíma er stofnfjárbréfin féllu í verði, hafi Byr sparisjóður sýnt af sér háttsemi sem í felist veruleg vanefnd, enda sé um að ræða atvik og háttsemi sem stefnandi hafi með engu móti getað gert sér grein fyrir.

-

Varðandi lagarök vísar stefnandi til meginreglna samningaréttar um ógildingu og brostnar forsendur. Þá er byggt á samningalögum nr. 7/1936, einkum III. kafla, almennum reglum kröfuréttar, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglugerð nr. 242/2006 og reglugerð nr. 243/2006, ásamt viðauka.

Um kröfu um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Varðandi varnarþing er vísað til V. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda. Þá tekur stefndi fram, í tengslum við málatilbúnað stefnanda, að ýmist sé rætt um meinta háttsemi Byrs sparisjóðs, Glitnis banka hf. eða beggja aðila, án þess að ráðið verði af málavaxtalýsingu í hverju meint aðkoma Glitnis banka hf. gagnvart stefnanda hafi verið fólgin og hvaða þýðingu hún þá hafi. Stefnandi blandi saman málavöxtum í þessu máli og málavöxtum áðurgreinds hæstaréttarmáls nr. 117/2011.

Stefndi telur að kröfuréttarsamband hans og stefnandans Termu ehf., sem byggt er á umþrættum lánsamningi frá 14. desember 2007, sé í fullu gildi svo og trygging sú sem fyrir hendi sé. Stefnandi mótmælir því sérstaklega að Guðmundur Sigurðsson og Sólrún Sævarsdóttir teljist „hinir raunverulegu lántakendur“. Stefnandi mótmælir því einnig sérstaklega sem röngu og ósönnuðu að um það hafi verið samið, þvert gegn því sem efni lánsamningsins og tryggingarbréfsins beri með sér, að „ef kæmi til greiðslufalls væri Byr sparisjóði aðeins heimilt að ganga að stofnfjárbréfum Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur í Byr sparisjóði og arðgreiðslum af þeim, í samræmi við framkvæmd Hæstaréttar í sambærilegum málum“.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi glatað rétti til að hafa uppi kröfur sínar á hendur stefnda fyrir tómlætis sakir. Til stuðnings málatilbúnaði sínum vísar stefnandi til fyrrnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 117/2011, en sá dómur, sem stefndi telur reyndar þýðingarlausan fyrir úrlausn sakarefnisins, var kveðinn upp 24. nóvember 2011. Liðu rúmlega tvö ár frá uppkvaðningu dómsins, sem stefndi telur að hafi þýðingu, til útgáfu stefnu og hátt í 17 mánuðir frá því að afstaða

stefnda til krafna stefnanda lá fyrir með bréfi 4. júlí 2012. Mátti stefnanda, eins og aðstæðum var háttað, vera fyllilega kunnugt um tómlætisverkanir og réttaráhrif þeirra. Leit stefndi svo á að stefnandi myndi ekki hafa uppi frekari kröfur fyrir sitt leyti eftir viðbrögð stefnda við bréfi lögmanns hans. Í þessu sambandi sé einnig til þess að líta að við útgáfu stefnu voru liðin rúmlega sex ár frá því að stofnfjárútboð Byrs sparisjóðs átti sér stað. Þetta tómlæti stefnanda, svo sem liggja í eðli málsins, sé til þess fallið að torvelda alla sönnun, ekki síst með tilliti til eðlis sakarefnisins, en hér sé einnig að því að gæta að stefndi leiði rétt sinn frá öðrum lögaðila sem ekki sé lengur starfandi fjármálafyrirtæki. Til þess sé jafnframt að líta að stefnandi beri að því er virðist að einhverju leyti fyrir sig meinta annmarka á stofnfjárbréfum þeim sem Guðmundur og Sólrún skráðu sig fyrir, en slík kaup geti fallið undir gildissvið laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt því sem segi í 32. gr. sömu laga glati kaupandi rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda, án ástæðulauss dráttar frá því hann varð galla var eða mátti verða þess var, í hverju gallinn er fólgin og ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Stefndi vísar hér einnig til 2. mgr. 39. gr. sömu laga þar sem segir að kaupandi geti ekki rift kaupum nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann. Telja verður að sambærilegar reglur gildi samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar. Auk þess hafi lántaki, Terma ehf., greitt samningsbundnar afborganir lánsins, fyrirvaralaust, og þannig viðurkennt gildi hans í verki, þ. á m. eftir fyrrnefnd samskipti aðila sumarið 2012.

Þá telur stefndi að sýkna verði hann af dómkröfum stefnanda, a.m.k. aðal- og varakröfu, þegar af þeim ástæðum að svo virðist sem stefnandi vilji annars vegar að stofnfjárkaup þau sem um ræðir teljist gild en hins vegar, á sama tíma, að lánsamningur sá sem liggja til grundvallar fjármögnun kaupanna, verði ógiltur eða honum rift. Í reynd feli dómur í þessa veru í sér að Guðmundur og Sólrún fái stofnféð, sem þau hafa fengið verulegar arðgreiðslur af, að gjöf að því er virðist, og samhliða að hið undirliggjandi kröfuréttarsamband á milli stefnandans Terma ehf. og fjármögnunaraðila falli úr gildi. Slík niðurstaða hljóti að teljast lögleysa, meðal annars með tilliti til almennra auðgunarsjónarmiða, eðlis málsins og meginreglna fjármuna- og samningaréttar. Þrautavarakrafan sé ekki sama annmarka háð að þessu leyti, enda ekki verið að fella kröfurétt vegna lánskuldbindingarinnar úr gildi, heldur eingöngu tryggingarrétt lánveitanda. Niðurstaðan geti þó að endingu orðið sú sama í fjárhagslegu tilliti sé Terma ehf. ekki greiðslufært.

Stefndi telur að hvað sem öðru líður verði að líta til þess að meintir ógildingarannmarkar, riftunarástæður og aðrar málsástæður stefnanda, varði í reynd, þegar öllu er á botninn hvolft, kaup Guðmundar og Sólrúnar á stofnfjárhlutum í Byr sparisjóði. Slíkt geti ekki, að því er stefndi telji, varðað með beinum hætti kröfuréttarsamband hans og stefnandans Terma ehf. vegna lánsamningsins, a.m.k. eins og málatilbúnaður stefnanda sé fram settur. Þá bendir stefndi á, að því sé ekki borið við af hálfu stefnanda að hann verði sjálfur fyrir einhverju tjóni gagnvart stefnda, svo sem að hann eigi engar kröfur á hendur meðstefnendum. Því sé þannig heldur ekki borið við að sakarefni málsins hafi haft einhver áhrif á innbyrðis lögskipti stefnandans gagnvart Guðmundi og Sólrúnu og sé sá þáttur málsins vanreifaður. Þegar af þessum ástæðum, einum og sér, sé ekkert hald í málatilbúnaði stefnanda, sbr. einnig síðari umfjöllun. Fær stefndi raunar ekki ráðið, í þessu ljósi meðal annars, hvernig almennar reglur kröfu- og samningaréttar

megni yfirhöfuð að leiða til þess að kröfuréttarsambandi á milli lánveitanda og lántaka sé ógilt, rift, eða breytt, eða tryggingarrétti hliðrað, svo sem dómkröfur stefnanda feli í sér.

Stefndi byggir á því að það geti almennt ekki talist óvenjulegt, hvað þá óheimilt, ósanngjarnt eða í ósamræmi við góða viðskiptavenju eða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, að fjármálafyrirtæki eins og Byr sparisjóður semji á þann veg að lántaki endurgreiði peningalán, sem lánveitandi hefur veitt lántakanum, þ. á m. með því að áskilja sér tryggingarrétt í eignum lántaka. Stefndi vísar einnig til þess að þegar lán eru veitt í ákveðnum tilgangi sé almennt samið á þann veg að lánsfénu skuli ráðstafað beint inn á tiltekinn reikning í samræmi við tilgang lánsins. Óumdeilt sé að umþrætt lán var veitt í þeim tilgangi að fjármagna stofnfjárkaup, sbr. gr. 1.4 í lánsamningnum, og að lánsfénu var ráðstafað því til samræmis. Því teljist vart óeðlilegt að lántaki hafi ekki fengið andvirði lánsins til „frjálsrar ráðstöfunar“ og málatilbúnaður stefnanda hér að lútandi sé raunar með nokkrum ólíkindum. Að sama skapi sé haldlaust fyrir stefnanda að bera því við að samningurinn hafi í raun aldrei komist á eða verið til málamynda. Það fái enga stoð, hvorki með tilliti til efnis samningsins né málsatvika. Þá sé hér til þess að líta að Guðmundur og Sólrún undirrituðu lánsamninginn, útborgunarbeiðni lánsins, síðari skilmálabreytingu og tryggingarbréfið, sem fyrirvarsmenn stefnanda, sem sé lántaki og veðþoli. Auk þess hafi lántaki, stefnandi, greitt samningsbundnar afborganir lánsins, fyrirvaralaust, og þannig viðurkennt í verki að hann sé lántaki. Jafnframt sé því alfarið hafnað að lánsamningurinn hafi verið gerður „í þágu“ Byrs sparisjóðs og „beinlínis til þess að sniðganga reglur sparisjóðsins um útlán til stofnfjárkaupa“, enda séu þær fullyrðingar órökstuddar, auk þess sem raunin virðist fremur sú að lánsamningurinn hafi verið gerður í þágu Guðmundar og Sólrúnar fyrir tilstilli einkahlutafélags í þeirra eigu og umráðum.

Þá byggir stefndi á því að stefnanda sé haldlaust að vísa til þess „að í þeim tilvikum sem lánað hafi verið til stofnfjárhafa til að kaupa viðbótarstofnfé í útboðinu 2007, hafi einungis verið lánað með veði í stofnfé og með því fororði að áhætta Byrs sparisjóðs skyldi aðeins vera bundin við verðmæti stofnfjárins sem slíks“, og því síður að vísa „[u]m þennan framkvæmdarmáta [...] til málsatvika í hæstaréttarmálinu nr. 117/2011“. Þau sjónarmið og þær forsendur sem niðurstaða í máli nr. 117/2011 byggðist á eigi sýnilega ekki við í máli þessu að mati stefnda. Ekki sé unnt að líta svo á að Guðmundur og Sólrún hafi verið í sömu villu um eðli lánskuldbindingarinnar og talin var vera fyrir hendi í téðu máli, enda hafi stofnfjárbréf Guðmundar og Sólrúnar ekki verið sett til tryggingar láninu, sem fyrr segir, auk þess sem lántaki, stefnandi, var ekki kaupandi stofnfjárbréfanna. Þá hafi lánveitandi í téðu máli verið annar en sá sem stofnfjárukningin var í. Í þessu tilliti geti villa eða forsenda stefnanda, sem stefndi telur ekki vera fyrir hendi, aðeins hafa falist í því að lántaki hafi talið áhættu sína af lántökunni takmarkast við hinar veðsettu fasteignir, en því sé ekki einu sinni haldið fram. Þá áréttar stefndi það sem fyrr segi að í málatilbúnaði stefnanda sé ýmist rætt um meinta háttsemi Byrs sparisjóðs, Glitnis banka hf. eða beggja aðila, án þess að í neinu verði ráðið af málavaxtalýsingu stefnanda í hverju meint aðkoma Glitnis banka hf. gagnvart stefnendum hafi verið fólgin, sem málatilbúnaðurinn sé þó öðrum þræði reistur á. Í því sambandi bendir stefndi og á að kröfur vegna meintrar rangrar upplýsinga- eða ráðgjafar Glitnis banka hf. við stofnfjárukningu í Byr sparisjóði verði ekki hafðar uppi á hendur stefnda, Íslandsbanka hf., eins og hér stendur á, heldur beri að beina þeim að Glitni hf., en stefndi leiði rétt sinn á hendur Termu ehf. frá Byr hf. en ekki

Glitni hf.

Stefndi hafnar því einnig alfarið, sbr. og fyrri umfjöllun, að lánið hafi „í reynd“ verið veitt Guðmundi og Sólrúnu „sem voru hinir raunverulegu lántakendur“, en sú fullyrðing sé í andstöðu við gögn málsins. Verði litið svo á standi jafnframt upp á stefnanda að skýra hvernig slík lánveiting og sá tryggingarréttur, sem veittur var samhliða, fari saman við ákvæði laga um einkahlutafélag nr. 138/1994, sbr. meðal annars 1. mgr. 79. gr. laganna. Hvað sem því líði þá liggi fyrir að stefnandi tók upplýsta ákvörðun um að taka lánið í eigin nafni en í þágu Guðmundar og Sólrúnar, þ.e. til að fjármagna stofnfjárkaup þeirra. Í málinu njóti hins vegar ekki við gagna um það hvort, og þá hvers konar, samkomulag sé fyrir hendi á milli stefnanda annars vegar og Guðmundar og Sólrúnar hins vegar, svo sem um ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu lánsins og þar með skaðleysi félagsins, en stefnandi beri allan halla af óskýrleika málatilbúnaðar síns að þessu leyti. Stefndi telur einnig vandséð hvernig Guðmundi og Sólrúnu sé mismunað gagnvart „öðrum stofnfjárlánþegum Byrs sparisjóðs sem fengu niðurfellingu sinna lána“, enda hafi þau ekki verið „stofnfjárlánþegar“. Persónuleg áhætta Guðmundar og Sólrúnar af lánveitingunni sé hins vegar að því er virðist ekki til staðar, sem fyrr segir, enda varð að ráði að fjármögnun stofnfjárkaupa þeirra fór í gegnum einkahlutafélag þeirra, stefnanda, en þau virðist hins vegar hafa notið alls hagnaðar af stofnfjárkaupunum. Hér sé því um allt aðra stöðu að ræða en þess einstaklings sem um ræddi í fyrrgreindu máli nr. 117/2011, eða annarra aðila í sömu stöðu.

Um málsástæður stefnanda er varða ráðgjöf og upplýsingagjöf í tengslum við stofnfjárukningu Byr sparisjóðs, þ. á m. með vísan til forsendureglna, laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, og allar aðrar málsástæður af viðlíka meiði, sbr. nánar efnisgreinar 28-29, 31-35, 36-45 og 46-49 í stefnu, þá hafnar stefndi þeim sem röngum og ósönnuðum, en hvað sem öðru líður þýðingarlausum með tilliti til sakarefnisins, sbr. einnig alla framangreinda umfjöllun. Sama eigi við um tilvísanir til einstakra lagaákvæða. Verði stefnandi, gegn andmælum stefnda, að sanna allar málsástæður sínar og fullyrðingar um málsatvik hér að lútandi, og þá hvernig þær eigi að ráða úrslitum sakarefnisins. Í því sambandi sé til þess að líta að stefndi er ekki í sérstakri aðstöðu til að leggja mat á réttmæti allra þessara fullyrðinga sem snúi mestmegnis að starfsemi lögaðilans Byr sparisjóðs á síðasta áratug. Sérstaklega skuli minnt á, vegna tilvísunar stefnanda til laga nr. 108/2007, að Byr sparisjóður virðist eingöngu hafa komið fram sem lánveitandi gagnvart stefnanda, en það félag hafi ekki verið aðili að neinum verðbréfavíðskiptum í skilningi laganna. Þannig hafi a.m.k. engar skyldur hvílt á sparisjóðnum gagnvart stefnanda á grundvelli laga nr. 108/2007, og voru Guðmundur og Sólrún ekki að stofna til fjárskuldbindingar við sparisjóðinn. Að sama skapi hvíldu engar skyldur á Glitni banka hf. gagnvart stefnanda, og slíkt í öllu falli vanreifað, sbr. og hér að framan. Um ráðgjöf og upplýsingagjöf í tengslum við stofnfjárukningu Byrs sparisjóðs vísar stefndi hér einnig til málavaxtalýsingar að framan. Þá skuli áréttað í tilefni af ýmsum fullyrðingum stefnanda, svo sem að því hafi verið lofað að stofnfjárbréfin stæðu ein til tryggingar, sbr. t.d. efnisgrein 42 í stefnu, að það komi þá óneitanlega nokkuð spánskt fyrir sjónir að sérstaklega hafi verið stofnað til tryggingarskuldbindinga í fasteignum með aðkomu stefnanda, Guðmundar og Sólrúnar. Verði allur málatilbúnaður stefnanda, þ. á m. trúverðugleiki hans, að skoðast í því ljósi að hann haldi ítrekað fram staðhæfingum

ýmiss konar þvert gegn því sem gögn málsins beri skýrlega með sér.

Sömu sjónarmið og að framan greinir eigi við um þær málsástæður stefnanda er varða fjárhagsstöðu Byrs sparisjóðs og að hún hafi verið önnur en gefið var til kynna við stofnfjárkaupin, og forsendur fyrir lánveitingunni hafi verið rangar og brostið. Vísar stefndi einfaldlega til þeirra gagna er vísað var til í útboðslýsingunni, þ. á m. til ársreiknings Byrs sparisjóðs fyrir árið 2006 og árshlutareiknings sparisjóðsins 30. júní 2007, en ekkert hafi komið fram í málinu sem gefi til kynna að fjárhagsupplýsingar sem þar koma fram, eða aðrar upplýsingar um fjárhagsstöðu Byrs sparisjóðs sem lágu til grundvallar útgáfulýsingunni, hafi verið rangar, villandi eða misvísandi. Slíkt sé ósannað og beri stefnandi allan halla af því. Þau atvik og þær aðstæður sem leiddu til yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Byr sparisjóði 22. apríl 2010, rúmum þremur árum eftir umrætt stofnfjárútböð, hafi komið síðar til og geti ekki, a.m.k. ekki gegn andmælum stefnda, talist sönnun á því hvernig stöðu sjóðsins var háttáð á árinu 2007.

Þá mótmælir stefndi því, meðal annars sem órökstuddu og ósönnuðu, að „athafnir Byrs að öðru leyti, sem og Glitnis banka hf., í rekstri sínum fram að þeim tíma er stofnfjárbréfin féllu í verði, leiði til þess að rétt sé að víkja samningnum til hliðar í heild eða hluta“, en eins sé heldur vandséð hvernig meint óráðsía í rekstri Glitnis banka hf. kunni að hafa haft áhrif í þessa veru með hliðsjón af eðli sakarefnisins. Að sama skapi er því mótmælt að „með háttsemi sinni og atvikum eftir að lánsamningurinn komst á, fram að þeim tíma, er stofnfjárbréfin féllu í verði, hafi Byr sparisjóður, sýnt af sér háttsemi sem í felist veruleg vanefnd“, en með engu sé rökstutt í hverju sú háttsemi sé fólgin. Þessar málsástæður stefnanda séu vanreifðar með öllu. Þess utan sé alkunna að áhætta fylgir lögskiptum áþekktum þeim sem hér um ræðir og geti aðilar slíkra viðskipta almennt ekki að lögum vikist undan þeim skuldbindingum sem þeir hafi undirgengist vegna síðar til kominna atvika sem reynast þeim eftir atvikum óhagfelld.

Að lokum er því andmælt sérstaklega af stefnda að staða stefnanda verði lögð að jöfnu við stöðu þeirra aðila sem um ræddi í máli Hæstaréttar nr. 117/2011.

Um lagarök vísar stefndi meðal annars til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og laga nr. 75/1997 um samningsveð. Einnig vísar hann til meginreglna fjármuna-, samninga- og kröfuréttar, þ. á m. um réttar efnidir skuldbindinga, frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum við aðra og til tómlætisreglna sérstaklega. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

#### IV.

##### Niðurstaða

Mál þetta er risið vegna lánsamnings milli stefnanda sem lántaka og Byrs sparisjóðs sem lánveitanda. Lánið var veitt til að fjármagna stofnfjárkaup Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur í Byr sparisjóði, en þau eru jafnframt eigendur og stjórnendur stefnanda. Kröfur í máli þessu lúta ekki sérstaklega að þeim kaupum. Stefnandi hefur ekki átt stofnfjárbréf í Byr sparisjóði.

Til tryggingar lánsamningum var veð í fasteignum stefnanda að Smiðjuvegi 11 og 11a í Kópavogi. Lánsamningurinn var færður yfir í Byr hf. Með kaupsamningi, dags. 12. júlí 2011, keypti stefndi alla hluti í Byr hf. sem sameinaðist síðar stefnda. Ágreiningslaust er með aðilum að kröfuréttindi samkvæmt umræddum lánsamningi Byrs sparisjóðs við Termu ehf. hafi við þetta færst til stefnda.

Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnanda, og Sólrún Sævarsdóttir, stjórnarmaður stefnanda, komu fyrir dóm við aðalmeðferð og gáfu skýrslur um aðdraganda að persónulegum kaupum sínum á stofnfjárbréfum. Þau kváðust bæði hafa treyst Byr, sem hefði verið viðskiptabanki þeirra og stefnanda og því ákveðið að taka ekki lán til kaupanna hjá Glitni með veði í stofnfjárbréfunum. Sólrún kvað þar hafi ráðið mestu að endurgreiða átti Glitnislánin á 18 mánuðum. Guðmundur kvað Byr ekki hafa mátt lána þeim til kaupa á stofnfjárbréfunum og því hefði verið ákveðið að fara þá leið sem farin hefði verið við fjármögnun kaupanna. Hann gat ekki fullyrt um hver hafi átti hugmyndina að þessari leið, en halda að það hafi verið bankinn.

Stefndi heldur því fram að stefnandi geti eingöngu byggt á atriðum er varði lántökuna sem slíka, en engir ógildingarannmarkar eða riftunarsjónarmið tengist lánveitingunni.

Ekki er fallist á að ógilda beri lánsamningin á þeim grundvelli að lánsféð hafi ekki farið til lántakanda og verið honum til frjálsrar ráðstöfunar. Algengt er að lán séu veitt í ákveðnum tilgangi, t.d. til að greiða upp ákveðnar skuldir, og er þá samið á þann veg að andvirði láns er ráðstafað beint inn á tiltekinn reikning í samræmi við tilgang lánsins. Umrætt lán var veitt í þeim tilgangi að fjármagna umrædd stofnfjárkaup Guðmundar og Sólrúnar, sbr. gr. 1.4 í lánsamningum. Þannig var lánsfjárhæðinni að beiðni stefnanda ráðstafað til Byrs sparisjóðs sem greiðslu vegna viðskipta annarra lögaðila, Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur við Byr sparisjóð. Þá hefur hvorki verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda að skilyrði fyrir lánveitingunni af hálfu lánveitanda hafi verið að lánsféð færi ekki til stefnanda né til kaupa á viðbótarstofnfé í Byr til að sniðganga reglur sparisjóðsins um útlán til stofnfjárkaupa, en ekkert var kveðið á um það við stofnfjárukningu í Byr sparisjóði að greiðsla fyrir stofnfjárbréf mætti ekki berast frá þriðja aðila. Þetta telst því ósannað.

Þá verður ekki talið óheimilt, í andstöðu við viðskiptavenju eða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti að fjármálafyrirtæki eins og Byr sparisjóður semji á þann veg að lántaki endurgreiði peningalán þ. á m. með því að áskilja sér tryggingarrétt í eignum lántaka. Þá hefur stefnandi ekki fært sönnur á að um það hafi verið samið, ef til greiðslufalls á umræddri lántöku kæmi, að aðeins væri heimilt að ganga að stofnfjárbréfum Guðmundar og Sólrúnar í samræmi við framkvæmd Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum, en slíkt hefði verið þvert gegn efni lánsamningsins og tryggingarbréfsins.

Þá er ósannað að Guðmundur Sigurðsson og Sólrún Sævarsdóttir hafi verið hinir raunverulegu lántakendur, eins og stefnandi byggir á, og að í raun hafi verið um málamyndagering að ræða. Í því sambandi vísast til þess að Guðmundur og Sólrún undirrituðu lánsamninginn, útborgunarbeiðni lánsins, síðari skilmálabreytingu og tryggingarbréfið, sem fyrirvarsmenn stefnanda, sem lántaki og veðþoli, athugasemdalaust. Auk þess hafi lántaki, stefnandi, greitt

samningsbundnar afborganir lánasamningsins, fyrirvaralaust og þannig viðurkennt gildi hans í verki, þ. á m. eftir samskipti aðila sumarið 2012.

Til stuðnings málatilbúnaði sínum vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 117/2011, en sá dómur var kveðinn upp 24. nóvember 2011. Stefna í máli þessu var ekki gefin út fyrr en rúmlega tveimur árum síðar eða þann 16. desember 2013 og rúmum 16 mánuðum eftir að afstaða stefnda til krafna stefnanda lá fyrir með bréfi dags. 4. júlí 2012. Með þessu þykir stefnandi hafa sýnt af sér tómlæti.

Stefnandi byggir á því „að í þeim tilvikum sem lánað hafi verið til stofnfjárhafa til kaupa á viðbótarstofnfé í útboðinu 2007, hafi einungis verið lánað með veði í stofnfé og með því fororði að áhætta Byrs sparisjóðs skyldi aðeins vera bundin við verðmæti stofnfjárins sem slíks“. Fyrirkomulag á kaupum á stofnfjárbréfum í Byr var hins vegar með ýmsu móti. Ekki verður fallist á að þau sjónarmið og þær forsendur sem niðurstaða í hæstaréttarmáli nr. 117/2011 byggðist á eigi við í máli þessu. Stofnfjárbréf Guðmundar og Sólrúnar voru ekki sett til tryggingar láninu, heldur fasteignir í eigu stefnanda og stefnandi var ekki kaupandi að stofnfjárbréfum. Þá leiðir stefndi á engan hátt rétt sinn frá Glitni banka eins og ástatt var í fyrrnefndu hæstaréttarmáli.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið byggir stefnandi kröfu sína um ógildingu eða riftum á lánasamningi aðila á atvikum sem í raun varða annan löggerning og lögaðila sem ekki eru aðilar að málinu. Stefnandi getur ekki krafist ógildingar eða riftunar á eigin gerningi á grundvelli samninga þriðja manns, sbr. grunnrök 2. mgr. 16. gr. eml. nr. F91/1991. Af þessum sökum koma hér ekki til úrlausnar málsástæður stefnanda sem byggjast á aðstæðum og atvikum kaupsamnings Guðmundar Sigurðssonar og Sólrúnar Sævarsdóttur um kaup á stofnfjárbréfum í Byr. Kröfur vegna meintrar rangrar upplýsinga- eða ráðgjafar Glitnis banka hf. við stofnfjárukningu í Byr sparisjóði verða ekki hafðar uppi á hendur stefnda, en stefndi leiðir rétt sinn á hendur stefnanda frá Byr hf. en ekki Glitni hf., eins og rakið hefur verið. Þá hefur stefnandi ekki byggt á því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Guðmundur og Sólrún fengu hins vegar greiddan 44% arð vegna stofnfjárbréfa sinn á árinu 2007, hvort að fjárhæð 12.381.934 krónur.

Lánsamningur stefnanda var sjálfstæður löggerningur og ekki liggur annað fyrir í málinu en að skuldbindingar samkvæmt honum hafi verið uppfylltar. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að til staðar hafi verið nokkur þau atvik eða aðstæður hafi verið til staðar við samningsgerðina sem leiða ættu til ógildingar hans, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn eins og dómsorði er kveðið á um.

Vegna embættisanna dómara hefur uppkvaðning dóms dregist fram yfir frest skv. 1. mgr. 115. gr. eml. nr. 91/1991. Dómari og aðilar eru sammála um að ekki sé þörf á endurflutningi.

**Dómsorð:**

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Termu ehf.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.

Þórður Clausen Þórðarson